

Efni: Undirbúningur útboðs á sorphirðingu

Samningur Dalabyggðar við Terra (Gámaþjónustu Vesturlands) um sorphirðu rann út um áramótin síðustu, en í ágúst s.l. var hann framlengdur til 1. ágúst 2020. Taka þarf saman upplýsingar og móta stefnu um úrgangsmál svo hægt sé að bjóða út þjónustuna.

Upplýsingar sem þarf að taka saman og hafa í útboðslýsingu:

- Fjöldi heimila í þéttbýli og dreifbýli og fjöldi tunna sem eru í umferð núna.
 - Skilgreina staðsetningar jaðarstaða eða heildarvegalend hringa?
- Magn af heimilissorpi á síðustu árum.
- Upplýsingar um núverandi gámasvæði.

Heimilissorp, stefnumótandi skilmálar í útboði:

- Fjöldi tunna við hvert heimili.
 - Amk ein tunna fyrir endurvinnslu (t.d. pappír, plast og minni málmumbúðir)
 - Hægt að draga úr akstri með því að setja upp læsta endurvinnslu-grenndargáma fyrir íbúa í dreifbýli?
 - Almennt og lífrænt í sitt hvora tunnuna eða ein með „tunna í tunnu“?
 - Möguleiki á að bjóða uppá minni almennar tunnur og greiða minna?
 - Skilmálar að á samningstíma sé hver tunna viktud og urðun innheimt skv. því?
 - Tunnur í eigu Dalabyggðar eða verktaka (leigðar)?
- Geta heimili jarðgert sjálf og „sparað sér“ þá tunnu? Myndi muna í dreifbýlinu.
- Tíðni losunar á heimilistunnum.
 - Almennt sorp losað á 4 vikna fresti
 - Lífrænt losað á 4 vikna fresti, en 2 vikna fresti á sumrin (jún.-ág. ath hjá HEV)
 - Endurvinnslu hægt að losa sjaldnar, jafnvel 5-8 vikna fresti (ath þá stærð á tunnum). Hægt að skoða sérstaklega „stærri tunnur/færri ferðir“ í dreifbýli til að fækka km í akstri.
 - Hafa tíðni og stærð endurvinnslu láta óskilgreint og verktaki útfærir?
- Grenndargámar (með öllum flokkum?) fyrir frístundahús. Fjöldi og ca staðsetning?
 - Ráðlegt að hafa þá utan alfaraleiða og staðsetning kynnt sumarhúsaeigendum.
 - Vöktun til að stuðla að góðri umgengni?
 - Sennilega 2-3 staðir í sveitarfélaginu, auk flokkunarkróar í Búðardal.
 - Best að staðsetja „á heimleið“, þ.e. sunnan frístundasvæða.
 - Hugmyndir: Árblik, Tjarnarlundur, Fellsstrandargatnamót, v/ Bíldhól

Önnur úrgangsmál og skilmálar:

- Lengd samnings? T.d. 3 ár með ákvæði um 2ja ára framlengingu.
- Gámasvæðið í Búðardal sé alfarið rekið af verktaka?
- Söfnun á rúlluplasti, ath tíðni og fyrirkomulag.
 - Gætu örari ferðir skilað sér í betri frágang á plastböggum og meiri fyrirsjáanleika í söfnunarferðum (fljótari að taka hringinn, skemmri lestun)?
- Bílhræ, móttaka og flutningur. Móttaka á gámasvæði?
- Söfnun dýrahraja. Á það heima í þessu útboði, eða ætti að bjóða það sérstaklega út?

Samantekt minnisblaðs,
Kristján Ingi Arnarsson
Umsjónarmaður framkvæmda